

Takk hreinlæti ehf.  
Draghálsi 18-26  
110 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2022  
UST202111-291/B.B.B.  
07.05.02

### Málslok

Vísað er til bréfs dags. 20.12.2021 með niðurstöðu eftirlits þar sem tilgreindar voru kröfur um úrbætur á merkingum fyrir vöruna Handspritt 85% í 100 mL og 600 mL umbúðum skv. efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP) sem innleidd er í íslenskan rétt með reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlitsins má nálgast í eftirlitsskýrslu sem birt er á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Fyrirtækið hefur sent stofnuninni afrit af uppfærðum merkingum ásamt staðfestingu á úrbótum vegna áþreifanlegrar viðvörunar og hefur því orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur. Stofnunin gerir því ekki frekari athugasemdir svo framarlega sem varan er ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við þær úrbætur sem hafa verið lagðar fram vegna málsins.

Að framansögðu telst máli því sem hófst með bréfi dags. 1.11.2021 lokið.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að eingöngu var haft eftirlit með handsóttreinsinum sem stofnuninni barst ábending um. Hugsanlegt er að aðrar vörur sem Takk hreinlæti ehf. flytur inn og/eða markaðssetur standist ekki kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli laganna.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 13.200,-.

Virðingarfyllst

Bergdís Björk Bæringsdóttir  
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir  
sérfræðingur